

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 14. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, Guðmundur Einarsson, sóknarprestur, f. h. barnaheimilsnefndar þjóðkirkjunnar á Íslandi og Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar“ í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

1. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bókum og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignunum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefur verið til vegna heimilisins.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal ætíð vera sá að veita vangefnum vist og umönnun, svo sem fræðslu og verkþjálfun við þeirra hæfi og aðra þá þjónustu, sem unnt er að láta þeim í té á hæli stofnunarinnar.

3. gr.

Lausafé stofnunarinnar má ekki selja né láta af hendi nema andvirðinu sé varið til eflingar hennar og samþykki barnaheimilisnefndar komi til. Eigi má heldur binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi séu tilgangi stofnunarinnar.

4. gr.

Meðan Sesselja H. Sigmundsdóttir heldur heilsu og kröftum hefur hún á hendi alla stjórn stofnunarinnar bæði inn á við og út á við með takmörkunum þeim, er segir í 3. og 5. gr.

5. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, eða önnur nefnd í hennar stað, kosin á presta-stefnu af prestum landsins, hefur rétt til að ráða því, hvernig því fé skuli varið, er hún leggur til stofnunarinnar eða útvegar henni fyrir milligöngu sína. Þess vegna má ekki heldur veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum til eflingar stofnuninni nema samþykkt nefndarinnar komi til.

6. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar gerir árlega reikning yfir rekstur hennar og efnahag og leggur hann ásamt fylgiskjöllum fyrir barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar til athugunar og úrskurðar. Reikningar stofnunarinnar skulu birtir hvert ár.

7. gr.

Sesselja H. Sigmundsdóttir hefur rétt til að ráða vali eftirmanns síns, er hún lætur af stjórn stofnunarinnar, en barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar eða önnur nefnd í hennar stað (sbr. 5. gr.) fær honum skipunarbréf og erindisbréf. Síðan ræður stjórnarnefnd stofnunarinnar (sbr. 8. gr.) jafnan forstöðumannsvali, en að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alist hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Símonardóttur.

8. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar kys eða lætur kjósa fimm manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kys nefndin — eða prestastefna Íslands ef engin slík nefnd er til — þrjá menn í stjórnina og þrjá til vara, starfsmannaráð kys einn mann og einn til vara og sveitarstjórn Grímsneshrepps einn mann og einn til vara, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kys ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir þeim reglum, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

9. gr.

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar“, þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið í þágu vangefinna.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefur látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu. Eigi má breyta 2. gr. og 10. gr. skipulagsskrárinnar nema samþykki félagsmálaráðuneytisins komi til.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar:

Séra Rúnar Egilsson.

Séra Valgeir Ástráðsson.

Séra Guðmundur Óli Ólafsson.

Breyting á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi. Núgildandi skipulagsskrá var birt í B-deild Stjórnartíðinda og er nr. 127/1964.

Breytingin er gerð til þess að fullnægja ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, nánar tiltekið 2. mgr. 30. gr. laganna. Breytingin felst í því að stjórn stofnunarinnar verður skipuð 5 mönnum í stað 3ja áður. Breytingunni er á engan hátt ætlað að breyta tilgangi eða markmiði skipulagsskrárinnar.

8. gr. orðist svo:

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar kys eða lætur kjósa fimm manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kys nefndin — eða prestastefna Íslands ef engin slík nefnd er til — þrjá menn í stjórnina og þrjá til vara, starfsmannaráð kys einn mann og einn til vara og sveitarstjórn Grímsneshrepps einn mann og einn til vara, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kys ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar:

Séra Rúnar Egilsson.

Séra Valgeir Ástráðsson.

Séra Guðmundur Óli Ólafsson.